

Stjórnarfundur

Fundartími: Miðvikudag 25. apríl 2018. kl. 9.00 – 10.00 að Sigtúni 42, Reykjavík.

Fundarmenn: Ketill Magnússon, Þóra Þórarinsdóttir, Erna Reynisdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir, Guðlaug Guðjónsdóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir, Erna Argrímsdóttir og Guðrún Helga Bjarnadóttir. Jónas Guðmundsson, Þröstur Emilsson, Steinunn Hrafnisdóttir og Árni Einarsson boðuðu forföll.

Eftirfarandi var rætt:

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og flutti inngang að fundi.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum og málefni rædd:

1. Aðalfundur.
 - a. Fundarboð farið, boðað með löglegum fyrirvara. Forsætisráðherra mun ávarpa fundinn. Ákveðið að gera ekki tillögu að breytingu á samþykktum.
 - b. Siðareglur ræddar og ákveðið að leggja fram drög að uppfærðum siðareglum fyrir næsta stjórnarfund. Ekki nauðsynlegt að leggja þær fyrir aðalfund en líklega þarf að gera breytingu á samþykktum sem yrði því ekki fyrir en fyrir aðalfund 2019.
 - c. Reikningar lagðir fram og samþykktir með fyrirvara um að skýringar berist við spurningu frá Ernu R. um tekjur af málþingi. Ernu R. falið að hafa samband við Jónas til að fá skýringu á upphæðinni.
 - d. Uppstillinganefnd. Ragnheiður Haraldsdóttir gefur ekki kost á sér í nefndina og hefur Ketill beðið Jón Pálsson að taka sæti auk þess sem það kom tillaga að Rögnu Árnadóttur. Katli falið að fylgja því eftir. Allir viðstaddir fundarmenn gefa kost á sér áfram. Bolli Héðinsson gefur ekki kost á sér og ekki er ljóst með Hildi Helgu Gísladóttur og Árna Einarsson.
 - e. Tinna B. Gunnarsdóttir hdl hjá Fortis verður með erindi um nýju persónuverndarlögin á aðalfundinum.
2. Lagafrumvarpið.
 - a. Frumvarpið rætt og þörf á að stjórnarmenn setji sig dýpra inn í það. Ákveðið að Ketill verði með kynningu á næsta stjórnarfund.
3. Staða málefna - formenn geri grein fyrir stöðu:
 - a. Lagaumhverfi (Ketill). Ketill skrifaði grein um lagafrumvarpið og verið er að ýta við málum.
 - b. Fræðsla og fagmennska (Þóra). Send var út könnun með fréttabréfi til aðildafélaga, lítið verið um svör.
 - c. Sýnileiki og siðareglur (Þröstur) Nefndin hefur ekki fundað.
4. Staða verkefna.
 - a. Lýsa – fundur fólksins. Þuríður fór á fund RUV og vonast eftir samstarfi sem hún telur gríðarlega verðmætt fyrir fundinn. Guðrún Helga spyr um aðild Almannaheilla að fundinum þar sem hvorki nafn né lógó Almannaheilla sé sjáanlegt í því kynningarefni sem komið er út. Á Fb síðu fundarins er ekki minnst á Almannaheill. Ketill tók að sér að benda MAK á að hafa upplýsingar um Almannaheill á vefnum og í kynningarefni Lýsu.
 - b. Nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum hefur verið endurskoðað. Bætt var við kennsla í siðfræði og er námið nú stytt sem samsvarar einum námsdegi.
 - c. Aðildarumsókn FÍB hefur ekki verið afgreidd. Ernu falið að heyra í Þresti með að afgreiða málið eða kalla Steinunni á fund ef Þröstur verður lengi erlendis.
5. Önnur mál – ekki voru önnur mál rædd og fundi slitið kl. 10.00.

Erna Reynisdóttir ritaði fundinn.

Fundarstaður: Aðalstöðvar UMFÍ Sigtúni.